



Tengiliður:
Vala Valtýsdóttir
valavaltysdottir@
deloitte.is

Skatta- og lögfræðisvið

Skattatilkynning

19. júní 2009

Breytingar á skattalögum lagðar fyrir Alþingi

Fjármálaráðherra lagði í gær, 18. júní, fram stjórnarfrumvarp til breytinga á ýmsum skattalögum.

Sérstök athygli er vakin á hækkun fjármagnstekjuskatts í 15% sem tekur gildi þann 1. júlí næstkomandi og greiðsludegi fjármagnstekjuskatts fyrir fyrri part ársins er flýtt, 8% hátekjuskatti sem leggst á tekjur umfram kr. 700.000,-, sérstakri skattlagningu vaxtatekna og hækkun tryggingagjalds í 7,0%.

Að mati skatta- og lögfræðisviðs Deloitte munu breytingarnar í fyrsta lagi skekkja vægi hlutafélagaformsins miðað við önnur félagsform, í öðru lagi mun hækkun tryggingagjalds leiða til aukins kostnaðar fyrir atvinnuvegina og í þriðja lagi mun skattlagning á vaxtagreiðslur erlendra aðila leiða til aukins kostnaðar fyrir íslenska aðila sem taka lán hjá erlendum lánveitendum.

1. Fjármagnstekjuskattur í 15%

Í frumvarpinu er tímabundin hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 10% í 15% lögð til í bráðabirgðaákvæði, frá 1. júlí 2009 til 31. desember 2009 á fjármagnstekjur sem eru umfram kr. 250.000 á tímabilinu. 250.000 kr. markið er samtala tekna hjá einstaklingi, þ.e. kr. 125.000 á hvoru þriggja mánaða greiðslutímabili.

Um hjón eða samskattað par gildir reglan um samsköttun þannig að vaxtatekjum er skipt jafnt þegar fjármagnstekjur eru reiknaðar og síðan er skattlagt sérstaklega hjá hvoru um sig.

Gert er ráð fyrir að hækkunin verði tímabundin og í stað hennar komi almennar breytingar á sköttum einstaklinga sem taka gildi um næstu áramót.

Tímaviðmiðun fyrir tekjufærslum

Í úrskurði yfirséðanefndar númer 296 frá árinu 2006 kom fram að tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því tekjutímabili sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða. Af þessu var sú ályktun dregin að tekjufærsla vegna úthlutunar arðs frá hlutafélagi verður við ákvörðun hluthafa um úthlutun arðs, óháð því hvort hann sé greiddur strax.

Taka skal ákvörðun um útgreiðslu arðs fyrir 30. júní ef komast skal hjá hækkuðum fjármagnstekjuskatti

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte vill benda á að sé arður ekki greiddur strax skal hann bókaður sem skuld við hluthafa. Þó skal bent á að öruggast í þessu tilliti er að greiða arðinn út strax.

Með lögsmæltri ákvörðun hluthafafundar um arðsúthlutun myndast krafa hluthafa á hendur félaginu um greiðslu hins úthlutaða arðs. Mikilvægt er að hafa í huga að ákvörðun um úthlutun arðs til eigenda í hlutafélagum þarf að eiga sér stað fyrir 30. júní ef komast á hjá hækkuðum fjármagnstekjuskatti. Frádráttur 10% fjármagnstekjuskatts skal fara fram þegar hlutafélag greiðir eða úthlutar arði til hluthafa, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Eftir 1. júlí 2009 greiðist 5% aukalega samkvæmt bráðabirgðaákvæði frumvarpsins að lögum.

Greiðslutímabil fjármagnstekjuskatts breytist

Ákvæði 7. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, breytist. Í stað þess að greiðslutímabil fjármagnstekjuskatts sé árlega, með gjalddaga 15. janúar og eindaga 15 dögum síðar verður **greiðslutímabilið þrjú mánuðir**, þ.e. janúar-mars, apríl-júní, júlí-september og október-desember. Gjalddagar eru 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar. Eindagi er 15 dögum síðar.

Bent skal á að skil afdreginnar staðgreiðslu sem hefur verið innheimt á fyrri hluta ársins 2009 skal fara fram þann 20. júlí 2009 með eindaga 15 dögum síðar eða þann 5. ágúst 2009.

Endanleg skattgreiðsla tekna hjá eigendum hlutafélaga hærrí en hjá eigendum samlags- og sameignarfélaga

Sérstaka athygli vekur að endanleg skattgreiðsla tekna verður 27,75% hjá eigendum í einkahlutafélagum og hlutafélagum en áfram 23,5% í sameignarfélagum. Áður var endanleg skattlagning sú sama með 10% fjármagnstekjuskatti, eða 23,5%.

Því er orðið hagstæðara að viðhafa samlags- eða sameignarfélagaform en hlutafélagaform.

2. Skattur á vaxtatekjur aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi

Taka á upp skattlagningu á vaxtatekjur aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. nýjan töluvið sem bætist við 3. gr. tekjuskattslaga og verður svohljóðandi:

„Allir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr., skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðlabanka Íslands né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í heimilisfestarríki sínu. Þá á ákvæðið ekki við í þeim tilvikum þar sem um er að ræða tvísköttunarsamning milli Íslands og heimilisfestisríkis móttakanda vaxtanna þar sem kveðið er á um að ekki skuli draga afdráttarskatt af vaxtatekjum. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Rök ríkisstjórnarinnar fyrir tillögu um umrædda skattlagningu eru tilgreind í frumvarpinu sem eftirfarandi:

- Ójafnræði að skattleggja bara vaxtatekjur íslenskra skattaðila en ekki vaxtatekjur erlendra aðila hér á landi.
- Aðrar tegundir tekna erlendra aðila hér á landi eru skattlagðar, s.s. þóknanir, rekstrahagnaður, arður, leigutekjur og söluhagnaður.
- Haldið er fram að vextir séu farvegur úr landinu fyrir hluta af þeim

Gjalddagi fjármagnstekjuskattar vegna 1. janúar-30. júní 2009 er 20. júlí með eindaga 5. ágúst.

Hagstæðara að eiga í sameignarfélagi eftir breytingar – 27,75% endanleg skattlagning í ehf. en 23,50% í sf.

Ríkisstjórnin reynir að ná inn auknum skatttekjum með skattlagningu á vaxtatekjur erlendra aðila. Úrræðið gæti hins vegar lagt auknar byrðar á íslenska skattborgara.

virðisauka sem verður til við starfsemi í landinu og vill ríkissjóður tryggja sér einhverja hlutdeild í þeim tekjum.

- Að skattleysi vaxta úr landi skapi leið fyrir skattaundanskot.
- Haldið er fram að vaxtatekjur séu nánast undantekningarlaust skattskyldar tekjur í öðrum löndum.
- Skattbyrði er takmörkuð á einhvern hátt með þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við ríki í Norður – og Vestur – Evrópu og Bandaríkin.

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte vill benda á eftirfarandi varðandi tillögu ríkisstjórnarinnar um skattlagningu á vaxtatekjur:

- Hugmyndir um skattlagningu á vaxtagreiðslur til erlendra aðila hafa áður komið upp og verið hafnað.
- Skattlagning á vaxtatekjur er ekki almenn skattaregla í skattalöggjöf annarra ríkja í okkar heimshluta. Þvert á móti hefur slík skattlagning smám saman verið afnumin í flestum ríkjum Norður- og Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Meðal annars má benda á grein í European Taxation frá því í apríl 2009 þar sem birt er tafla yfir helstu ríkin og því lýst hvernig skattlagning á vaxtatekjur erlendra aðila hefur verið afnumin í þeim flestum.
- Skattlagning á vaxtatekjur milli ríkja í Evrópusambandinu er með öllu afnumin með tilskipun nr. 2003/49/EC um vexti og þóknunir (e. *Interest and Royalty Directive*).
- Lánasamningar sem erlendir aðilar hafa gert við íslenska lántakendur geta orðið gríðarlega íþyngjandi fyrir íslenska skattaðila. Flestir þessara lánasamninga fela í sér ákvæði um staðgreiðslu á vaxtagreiðslur sem leggur á lántakandann að taka á sig aukinn kostnað vegna þeirrar staðgreiðslu sem Ísland kann að leggja á vexti samkvæmt íslenskum lögum. Hin endanlega skattlagning verður því á kostnað íslenskra skattaðila en ekki hinna erlendu lánveitenda líkt og stefnt er að með breytingunni.

Athygli ber einnig að vekja á því að nú er í fyrsta sinn sérstaklega tekið fram í tekjuskattslögum að farið verði eftir ákvæðum tvísköttunarsamninga eftir því sem þeir eiga við hverju sinni.

3. Tímabundinn hátekjuskattur á tekjur einstaklinga umfram kr. 700.000,- á mánuði

Við tekjuskattslögin er sett ákvæði til bráðabirgða um 8% hátekjuskatt við álagningu gjalda árið 2010 á tekjuskattsstofn einstaklings umfram kr. 4.200.000,- á tímabilinu frá og með 1. júlí til 31. desember 2009. Umræddur skattur kemur til viðbótar hefðbundinni staðgreiðslu, sem nú er 37,2% að meðtöldu útsvari, á laun hvers einstaklings umfram kr. 700.000,- á mánuði. Rukkað verður mánaðarlega í hvert sinn sem laun fara yfir kr. 700.000,- á einstakling, en endanlegt uppgjör hátekjuskattsins fer síðan fram við álagningu opinberra gjalda þann 1. ágúst 2010. Hátekjuskattinum skal þó haldið aðgreindum frá þeim tekjum sem tilheyra skattstofni í hinu almenna tekjuskattsþrepi frá 1. janúar til 30. júní 2009.

Hátekjuskattinum er ætlað að vera tímabundinn líkt og hækkun fjármagnstekjuskatts og taka breytingum um áramótin með öðrum almennum breytingum á ýmsum sköttum.

Sérstaka athygli skal vekja á því að hátekjuskatturinn er lagður á einstaklinga og er því ekki gert ráð fyrir að tekjur hjóna séu lagðar saman. Sem dæmi má nefna að hjón þar sem annar aðilinn er með yfir kr. 700.000,- á mánuði en hinn aðilinn kr. 150.000,- á mánuði, þurfa að sæta því að aðilinn með yfir kr. 700.000,- greiði viðbótar 8% tekjuskatt á sínar tekjur, í stað þess að tekjur umræddra hjóna hefðu verið lagðar saman og jafnvel

Hátekjuskattur lagður á tekjur yfir 700.000,- á mánuði. Óháður samsköttun hjóna.

verið undir kr. 1.400.000,-. Eðlilegra hefði verið að líta á samanlagðar tekjur hjóna við þessa skattlagningu, á sama hátt og gert var við álagningu hátekjuskatts og eignarskatts fyrir nokkrum árum.

Lækkun virðisaukaskatts 1. mars 2007 dregin til baka varðandi tilteknar neysluvörur.

Ríkisstjórnin vill herða skattaeftirlit vegna fjármáalegra umsvifa fyrirtækja og einstaklinga.

4. Sykurskattur

Lögð er fram tillaga um aukinn virðisaukaskatt á tilteknar neysluvörur, nánar tiltekið sykurvörur af ýmsum toga, úr 7% í 24,5% virðisaukaskatt. Um er að ræða sömu vöruflokka og báru 24,5% virðisaukaskatt fyrir 1. mars 2007 en voru þá lækkaðir niður í 7%.

5. Hert skatteftirlit

Lagt er til að setja inn þrjú ný ákvæði í tekjuskattslögin í þeim tilgangi að herða skatteftirlit.

Í fyrsta lagi er lögð fram tillaga um að ríkisskattstjóra verði heimilt að ákveða dagssektir á einstaklinga og lögaðila sem standa ekki skil á gögnum í þágu skatteftirlits skv. 101. eða 102. gr. tekjuskattslaganna, þannig unnt sé að sannreyna hvort skattskil þeirra eða annarra aðila séu í samræmi við lög. Dagssektirnar geta numið frá kr. 10.000,- til kr. 1.000.000,- á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í skattskilum aðila.

Í öðru lagi er lagt til að skattstjórum verði gert kleift að ljúka skattalegri meðferð mála þótt þau kunní í framhaldinu að fara í skattranssókn.

Í þriðja lagi er ætlað að auka mannafla við skatteftirlit um að minnsta kosti tíu stöðugildi.

Security | Legal | Privacy

Audit.Tax.Consulting.Financial Advisory.

Member of
Deloitte Touche Tohmatsu

This material has been prepared by professionals in the member firms of Deloitte Touche Tohmatsu. It is intended as a general guide only, and its application to specific situations will depend on the particular circumstances involved. Accordingly, we recommend that readers seek appropriate professional advice regarding any particular problems that they encounter. This information should not be relied upon as a substitute for such advice. While all reasonable attempts have been made to ensure that the information contained herein is accurate, Deloitte Touche Tohmatsu accepts no responsibility for any errors or omissions it may contain whether caused by negligence or otherwise, or for any losses, however caused, sustained by any person that relies upon it.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu and its Member Firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in 140 countries, Deloitte brings world class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's 150,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

Deloitte's professionals are unified by a collaborative culture that fosters integrity, outstanding value to markets and clients, commitment to each other, and strength from diversity. They enjoy an environment of continuous learning, challenging experiences, and enriching career opportunities. Deloitte's professionals are dedicated to strengthening corporate responsibility, building public trust, and making a positive impact in their communities.

© 2008 Deloitte Touche Tohmatsu. All rights reserved.